

6. Framvarp

til fátækralaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstýrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, van-

heilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sjer þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframsfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstýrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar og honum haga svo, sem hún telur rjett vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstýrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfalíng sjálfum eða framsfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá er sveitarstýrk þíggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skýlt er hjónum að framsfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skýlt er foreldrum í fjelagi og hvoru fyrir sig að framsfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn og er honum þá skýlt að framsfæra og ala upp til fullnads 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda tylgi þau henni (27. og 28. gr.), og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framsærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það sóm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framsærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skýlt er kjörforeldri að ala upp og framsfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafist framsfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framsærslumaður á rjett á að taka framsærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skýlt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef

hann fer vel með þá, nema sveitarnefndinni í dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sjerstaklega stendur á. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rjett að fá um það úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um rjettindi og skyldur sveitarstjórna útaf framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefn sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs nje húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í tjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 1 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur á sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slikum skilmála, eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu, nje framfærslumanni þess eða sveit.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sje á enda, nema lækur eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álitu, að hjúinu sje ekkert mein þar af búuð, nje öðrum, ef sýkin er sótt-næm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálf lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslu-kröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki rjettar sins.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sinum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúkl-ingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvint, skal lærimeistarann þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækningu nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækra sjóði, er leggja verður með nemanda,

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda er eiga heima hjá lærimeistarannum, og skulu þar að auki ákvæðin

i 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sje eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álitur, að hann sje fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, nje heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður sýslumaður í þeirri sýslu, eða bæjarfógeti í þeim kaupstað, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með hörnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur, og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rjett að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara, sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

20. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sjerstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skift sveit eða sveitamörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit

á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eftir skiftinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfjelagi hans.

21. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfestur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á þeim árum.

22. gr.

Nú hefir maður unnið sjer sveit viðar en í einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðast unnið sjer sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

23. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sjer fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann vikur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eftir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir hjúaskildaga, og skal þá telja árið fult. Sama er og þótt hjúíð fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúíð fer í, en í hinn, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aftur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sje í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskútu o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sjer eigi sveit, þar sem hann hefir ársheimili, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit, þar er aðalaðsetur hans er.

24. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurjett með dvöl sinni á skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun, eða fangahúsi. Slik dvöl slitur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun eða fangahúsi, en heldur að eins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aftur til hinnar sömu sveitar eftir dvöl sína á nefndum stofnunum.

25. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hjer á landi, vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 21. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 21. gr., annarsstaðar.

26. gr.

Kona gift er jafnan sveitfösti þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sínu. sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit.

27. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður síns. Ef að eins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

28. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 10 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

29. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurjett í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sjer sveit.

30. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast, áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

31. gr.

Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sjer sveit af nýju eftir framantöldum ákvæðum.

32. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hjer, og honum verður eigi visað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hjer á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu manns, sem ekki á sveit hjer á landi eftir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og ráðherra álitur, að ekki verði hjá því komist að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra visi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn úr rikissjóði.

III. kafli.

Um það, hvornig haga skuli styrkveitingu.

33. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sje svo sem verða má hvors-
tveggja í einu, hagsmuna fátækrafjelagsins, og þarfa og velferðar þurfalingsins.

34. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

35. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sje lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara á sjúkrahús, ef læknir álitur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lög-
reglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

36. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastrjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Engu siður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munadar-
lausum sveitarbörnum.

37. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastrjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað

og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sje þegar i stað endurgoldin.

38. gr.

Sóknarprestar skulu lita eftir því, að fyrirmælum í 36. og 37. gr. sje fylgt, og yfir höfuð, að vel sje farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögum á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastrjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, hafa einnig rjett til að kæra yfir vaurækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær.

Rannsókn um slíkar kærur skal framfara á manntalsþingi, þegar því verður við komið, og kostnaðarlaust, nema brýna nauðsyn beri til að hraða rannsókninni, vegna þess að um glæpsamlegt athæfi sje að ræða.

39. gr.

Fátækrastrjórn skal gera sjer far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

40. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastryrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn visa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

41. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, sbr. þó 42., 43., 63., 66. og 67. gr.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (27. og 28. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sje barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

42. gr.

Ekki á sveitarstjórn rjett á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfje til að greiða:

- a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kensluáhöld handa börnum undir 14 ára að aldri, og

b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

43. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri eða vegna annara óhappa hans.

Ákvæðum 1. málsg. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

44. gr.

Nú hafa hjón komist í sveitaraskuld í fjelagi eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr, og ekki er fje til að greiða skuldina, eigi hvila á því eftirlifanda meira en helmingur sveitar-skuldar þeirrar, sem þau voru þá í og ekkert á ekkju, ef hún hefir skyldu-ómaga.

45. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

46. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, legst veðbaud á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki haus komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

47. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárráðum með úrskurði og

setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstýrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr.

Sá, sem þiggur af sveit, og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi og við skylduvinnu og ákveður hlutadeigandi lögreglustjóri með úrskurði hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaadförum og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir.

49. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hjer á undan, og má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

50. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að tæra að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelinu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár,

nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

51. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjósku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknyttla eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í allt að 3 mánuði, þó því að eins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. kafli.

Viðskifti sveitarstjórna.

52. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel inn-sveitis. Þó á dvalarsveit aldrei heimtingu á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 57. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann samkvæmt 58. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður ekki fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin fjekk ekki endurborgaðan, verði að rjetttri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveit rjett á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er ræðir um í 42. gr.

53. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sje veittur sveitarstyrkur, skal, — nema styrkþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er —, sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyrja þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins, og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sje hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifst.
2. Ætiferil hans eftir 16 ára aldur.

3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn.
4. Heimilisástandur hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sje þurfandi orðinn.

Sje skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst, án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir bestu vitund, og sje skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helst mega af vita.

54. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfjelag rjettinn til endurgjalds á styrknum.

55. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastrjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitar-sjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

56. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rjett til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

57. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvikjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitunin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt við henni; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eftir atvikum dagsektum, sem renna í sýslusjóð, eftir ákvæði sýslumanns, eða í ríkissjóð eftir ákvæði ráðherra, ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði frá því hún fjekk tilkynning um sveitarstyrkinn, og skal þá siðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 6 af hundraði um árið frá þeim tíma.

Nú verður eftir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fjekk tilkynning um þurfaling.

58. gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurjett á annarsstaðar, þegið 200 kr. styrk eða meir í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

59. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

60. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti fá honum vegabryjef, er sýni, frá hverri sveit og til hvernar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

61. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal lita svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin siðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

62. gr.

Þurfamañn skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

63. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung en

framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfjelags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

64. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

65. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfjelaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti skera úr ágreiningi þeim. Sjeu sveitarfjelög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja sýslumaður eða bæjarfógeti þar er það sveitarfjelag er, sem krafid er. Úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hjer á landi og sveitarfjelags í Danmörku skal skorið með sámkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

VI. kafli.

Sjerstakur styrkur úr ríkissjóði.

66. gr.

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $\frac{2}{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr.

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir $\frac{2}{5}$ hluta styrksins. Það sem fram yfir er greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við

flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein er ekki afturkræfur.

VII. kafli.

Um það hver lagaákvæði sjú numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

68. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög nr. 44, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru eigi áður úr gildi feld.

Lög nr. 33, 20. október 1913.

Lög nr. 61, 27. júní 1921.

Lög nr. 13, 20. júní 1923.

Enn fremur eru úr gildi numin öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin gildandi fátækralög eru eins og kunnugt er frá 10. nóv. 1905 og öðluðust gildi 1. jan. 1907. Lög þessi hafa því gilt í 20 ár, enda mun því varla verða neitað, að þau voru mjög vel undirbúin og skýr og glögg. En á 20 árum verða ýmsar breytingar og er því ekki undarlegt, þótt nauðsyn þyki til bera að endurskoða þau. Breytingar, sem gerðar hafa verið á öðrum lögum, valda því einnig, að meiri þörf er á endurskoðun en ella, því að vegna þessara breytinga eru sumir kaflar fátækralaganna úr gildi fallnir og er því aðgengilegra fyrir almenning að fá lögin gefin út að nýju. Meðal þeirra lagaþálka, sem felt hafa úr gildi nokkurn hluta fátækralaganna má sjerstaklega nefna hina nýju sífjalöggjöf. Annars verður ekki sagt, að fátækralögnum hafi verið mikið breytt á hinum síðustu 20 árum og langveigamesta breytingin er stytting sveitfestistímans, sem Alþingi samþykki 1923.

Þótt það hafi jafnan verið viðurkennt, að fátækralögin hafi verið vel undirbúin, þá hafa þó hin síðari árin komið fram talsvert háværar raddir um að endurskoða þau. Þannig var á Alþingi 1917 samþykkt þingsályktun í þessa átt, og með því að henni hafði ekki verið sint var hún endurtekin á þinginu 1921. Vegna þessarar ályktunar lagði stjórnin 1923 fyrir þingið frv. um breytingu á lögum þessum, en af tillögum þeim, sem fólust í frv. þessu, var ekki

annað samþykkt en stytting sveitfestistímans. En á þingum þeim, sem síðan hafa verið haldin, hafa komið fram tillögur um frekari breytingar. Þessar tillögur hafa þó ekki verið samþykktar, en í þess stað var stjórninni falið á þinginu 1925, að endurskoða löggjöf þessa í heild, og með hliðsjón af þessu er frv. þetta borið fram.

Um frv. það, sem hjer liggur fyrir, er þess að geta, að rjettast hefir þótt að halda sem mest orðalagi og efnisskipun gildandi laga, því að auðsætt er, að lög, sem gilt hafa í 20 ár, hafa í framkvæmdinni fengið svo mikla skýringu og festu, ekki sist vegna fjölmargra úrskurða yfirvalda, að það er sýnn hagur, að breyta ekki nema þar sem nauðsyn þykir á.

Um hinar einstöku greinar frv. þykir rjett að taka þetta fram:

Um 1.—2. gr.

Eru samhlj. 1.—2. gr. gildandi fátækralaga, nema að tilvisun er breytt eftir því, sem við á.

Um 3. gr.

Þessari grein er breytt í samræmi við ákvæði laga nr. 46, 27. júní 1921, sbr. 18. og 45. gr. þeirra.

Um 4. gr.

Þessari grein er breytt í samræmi við ákvæði laga nr. 57, 27. júní 1921, sbr. sjerstaklega 29. gr. þeirra.

Um 5. gr.

Þessi grein er alveg óbreytt.

Um 6. gr.

Er samhljóða 14. gr. fátækralaganna, að því undanskildu, að burtu er feld takmörkunin á framfærsluskyldu óskilgetinna barna gagnvart föður og er það í samræmi við lög nr. 46, 1921, sbr. 23. gr. þeirra.

Um 7. gr.

Hún er samhljóða 15. gr. sömu laga, nema tilvisunin til 11. gr. er feld burtu, þar sem sú gr. er úr gildi numin.

Um 8. gr.

Hjer er að eins visað til sífjalaganna um framfærslu hjóna og foreldra og barna til þess að komast hjá því að taka upp þær reglur, sem nýlega hafa verið settar um þetta efni.

Um 9.—14. gr.

Þær eru samhljóða 16.—21. gr. fátækralaganna með þeirri einni breytingu, að framlag húsbónda til legukostnaðar hjúa er hækkað úr 50 au. í 1 kr. á dag vegna breytts peningagildis.

Um 15. gr.

Siglingalögin frá 30. nóv. 1914 gefa allitarlegar reglur um skyldu útgerðarmanna gagnvart skipverjum og virðist nægilegt að visa til þeirra með þeirri viðbót, að framfærslumaður og framfærslusveit skipverja, megi notfæra sjer rjett hans, ef hann vill eða getur ekki.

Um 16.—20. gr.

Eru samhljóða 27.—31. gr. fátækralaganna nema tilvísunum er breytt eftir því sem við á og orðalagi breytt í smáatriðum í 2 stöðum (17. og 19. gr.).

Um 21. gr.

Þessi gr. er samhljóða 1. gr. laga nr. 13, 20. júní 1923, að því undanskildu, að því er bætt við, að á sama standi hvort sveitarstýrkur er endurkræfur eða ekki, að því er snertir áhrif hans á sveitfesti. Eftir gildandi lögum mun mega telja þetta atriði vafasamt, en rjettast er að taka af tvímæli um þetta nú, er löggjöf þessi er endurskoðuð.

Um 22. gr.

Er samhljóða 33. gr. fátækralaganna.

Um 23. gr.

Er samhljóða 34. gr. sömu laga, að því undanskildu, að burtu er feld tilvitnunin í áður gildandi lögum um lausamenn og húsmenn. Slik tilvitnun í lög með ákveðinni dagsetningu er ekki heppileg og getur valdið misskilningi eða vafa, þegar þau lög eru úr gildi feld og önnur sett í staðinn. Ef tilvitnun væri haldið ætti að vitna í lög nr. 60, 22. nóv. 1907.

Um 24. gr.

Hún er samhljóða 35. gr. fátækral., nema að niður er feld 2. málsg., því að óeðlilegt virðist, að menn vinni sjer ekki sveitfesti, þótt þeir vanræki að tilkynna húsmenskudvöl sína.

Um 25. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða 2. gr. laga nr. 13, 20. júní 1923.

Um 26.—41. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 38.—53. gr. fátækralaganna, nema tilvísunum er breytt og einstaka sjálfsagðar orðabreytingar, sjerstaklega í 31. gr. (43. gr. fátækralaganna).

Um 42. gr.

Þessi grein er í raun rjetttri hluti af 53. gr. fátækralaganna, en betur þykir fara á því, að hafa þetta sjerstaka grein.

Um 43. gr.

Meginástæðan til þess, að endurskoðunar hefir verið krafist á fátækralöggjöfnum mun hafa verið óskin um það, að undanþiggja ýmsa þá menn, sem verða að leita fátækra styrks, rjettindamissi, sjerstaklega missi kosningarrjettar. Fyrirmæli stjórnarskrárinnar hjer að lútandi eru þau, að enginn geti haft kosningarrjett til Alþingis, sem stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sbr. orðin: »enda eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk«. Til þess að fullnægja þessu ákvæði stjórnarskrárinnar virðist það nægilegt, að veittur styrkur sje ekki endurkræfur, því að ef svo er, verður ekki sagt, að hlutaðeigandi sje »í skuld« fyrir styrkinn. Til álita gæti komið og hefir komið, að nema þetta ákvæði stjórnarskrárinnar úr gildi, en tæpast getur það talist rjett að láta þá, sem fyrir óreglusakir, eyðslusemi eða öðrum slíkum ástæðum verða að vera upp á aðra komnir, hafa kosningarrjett. Það er litil ástæða til þess að auka rjettindi þeirra manna, enda munu flestir sammála um það. En það sem mestum vandkvæðunum hefir valdið í þessum efnun, er að finna ákvæði, er skilji á rjettlátan hátt í sundur þá menn, er verða annara handbendi fyrir atvik, sem þeim verður með rjettu um kent, og þá er verða að njóta opinbers styrks, án þess að þeim verði sök á gefin. Á síðustu þingum hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til þess að aðgreina þessa tvo flokka manna, en þær tilraunir hafa ekki hepnast og þetta er ekki óeðlilegt, vegna þess, að atriði eins og þetta, hlýtur mjög að vera undir mati komið í hverju einstöku tilfelli.

Með þetta fyrir augum hefir það virst tiltækilegast að fela sveitarstjórnunum að meta þetta um leið og þær veita styrk. Með því móti er unt að taka rjettlátt tillit til allra ástæðna hlutaðeigandi styrkspurfa í hverju einstöku tilfelli, en slíkt er gersamlega ómögulegt í beinum lagaákvæðum. Það, sem setja má út á þessa reglu er einkum það, að sveitarstjórnir muni framkvæma ákvæði þetta á mismunandi hátt, eða að þær muni beita ákvæðinu of sjaldan í von um endurgreiðslu styrksins, ef hann er afturkræfur, eða að þær sýni hlutdrægni, eða að þær vanti þann kunnleik á høgum hlutaðeiganda, sem nauðsynlegur er til þess að dæma um þetta.

Því verður vitaskuld ekki neitað, að möguleiki er fyrir því, að ákvæði þetta verði framkvæmt á mismunandi hátt, en svo má segja um mörg önnur lagaákvæði, sem engum dettur í hug að breyta og yfirleitt er þetta mótbára, sem alstáðar getur átt við, þar sem um mat er að ræða. Mjög litil hætta virðist vera á því, að sveitarstjórnir láti vonina um endurgreiðslu styrks aftra sjer frá því að nota ákvæðið, því að fyrst og fremst er það fremur sjaldgæft, að slíkur styrkur sje endurgreiddur og í öðru lagi er ekki ætlast til að endurgjaldskrafa falli niður gagnvart framfærslusveit eða framfærslumanni, þegar annars er um slíka kröfu að ræða að lögum. Hlutdrægni sveitarstjórna í þessu efni þykir engin ástæða til að óttast og það mundi að eins vera í hinum stærri bæjum, að sveitarstjórn brysti þá þekkingu á høgum styrkspurfa, sem með þarf til þess að dæma um þetta, en þar sem svo stendur á, ætti að vera auðvelt að útvega upplýsingar um slíkt, eða að minsta kosti ekki torveldara en að útvega upplýsingar um ýmislegt annað, sem fyrirskipað er.

Það er gert ráð fyrir, að úrskurðurinn um hvort styrkur sje afturkræfur eða ekki liggi undir þá sveitarstjórn, sem veitir styrkinn, án tillits til hvar þurfamaðurinn er sveitfastur.

Eftir gildandi lögum er sveitarstjórn heimilt að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 5 ár eru liðin án þess að nýr styrkur hafi verið veittur, en ella þarf samþykki sýslunefndar til þess. Hjer er lagt til að fella burtu ákvæðið um afskifti sýslunefndar af þessum málum og heimila sveitarstjórnnum eftirgjöf eftir að 2 ár eru liðin.

2. málsgr. þessarar gr. verður að eins bráðabirgðaákvæði.

Um 44. gr.

Hún er samhljóða 54. gr., að því undanskildu, að við er bætt ákvæði, er veldur því, að ekkjur, sem eiga skylduómaga, teljast ekki standa í neinni sveitarskuld, þótt hún og hinn látni maður hennar hafi í sameiningu þegið sveitarstyrk.

Um 45.—51. gr.

Þær eru að mestu samhljóða 55.—63. gr. gildandi fátækralaga. Þó er rjett að geta þess, að feld er burtu 2. málsgr. 59. gr., sem virðist algerlega þýðingarlaus.

Um 52. gr.

1. málsgr. þessarar gr., er eins og lög nr. 33, 20. okt. 1913, nema tilvisunum breytt.

2. málsgr. er talsvert breytt, sjerstaklega að því leyti, að gert er ráð fyrir, að heimilt sje að láta barnsfeður afplána barnsfúlgu með fangelsisvist við venjulegt fangaviðurværi. Sú regla var áður í lögum, en var feld burtu 1905, og ástæðan til þess, að stungið er upp á þessu á ný, er ýmsar umkvartanir um, að barnsfeður geri sjer næsta lítið far um oft og tíðum að greiða meðlag með börnum sínum.

Síðasta málsgr. er eins og 3. málsgr. 9. gr. gildandi fátækralaga.

Um 53.—65. gr.

Parfnast engra skýringa.

Um 66.—67. gr.

Þessar gr. eru að mestu samhljóða 77. og 78. gr. fátækralaganna, með þeim breytingum, sem felast í lögum nr. 61, 27. júní 1921.

Um 68.—69. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.